



## Húshitunarkostnaður á Íslandi

**Árni Ragnarsson**

**Greinargerð ÁR-93-01**

## HÚSHITUNARKOSTNAÐUR Á ÍSLANDI 1991

### 1. Inngangur

Teknar hafa verið saman upplýsingar um húshitun á öllu landinu árið 1991, fyrst og fremst í þeim tilgangi að finna árlegan heildarkostnað neytenda vegna hitunar húsnæðis. Byggt er á upplýsingum um vatnssölu sem hitaveitur senda árlega til Orkustofnunar, einnig Hitaveituhandbók SÍH, Húshitunarspá 1992-220 (OS-92023/OBD-01), gjaldskrám hitaveitna, útreikningum Iðnaðarráðuneytisins á hitunarkostnaði o.fl. Helstu niðurstöður eru þær að heildarkostnaður landsmanna við húshitun hafi verið um 5,5 milljarðar kr. árið 1991.

### 2. Grófir útreikningar

Fyrst voru gerðir tiltölulega grófir útreikningar til að áætla hitunarkostnaðinn, og eru niðurstöður þeirra sýndar í töflu 1. Samkvæmt þeim var kostnaður við húshitun um 6,1 milljarður kr. árið 1991.

Samkvæmt Húshitunarspá var heildarorkunotkun (nýtt orka) til húshitunar 4437 GWh árið 1991. Ef þessi tala er leiðrétt m.t.t. meðalhitastigs, sem var hærra þetta ár en í meðlári, fæst notkunin 4620 GWh. Hér verður reiknað með að ársnotkunin sé 4500 GWh. Íbúafjöldi og hitað húsrými á hverju hitaveitusvæði er fengið úr Hitaveituhandbók SÍH. Heildarorkunotkuninni er síðan dreift á hitaveiturnar í hlutfali við hitað húsrými viðkomandi veitu. Orkuverðið, sem byggt er á, er fengið úr töflu yfir hitunarkostnað og meðalorkuverð sem Iðnaðarráðuneytið reiknaði út 14. mars 1991.

Varðandi aðra húshitun en hjá hitaveitunum er gengið út frá upplýsingum úr Húshitunarspá um að hlutur rafhitunar sé 8% og olíuhitunar 3%. Út frá heildarrúmmáli hitaðs húsrýmis á landinu öllu, sem samkvæmt Húshitunarspá er 63,5 milljónir rúmmetra, fæst síðan skipting húsrýmis og þar með orkunotkunar á orkugjafa. Árleg orkunotkun er samkvæmt Húshitunarspá að meðaltali 71 kWh á hvern rúmmeter húsnæðis.

### 3. Nákvæmari útreikningar

Tafla 2 sýnir útreikninga á orkunotkun, vatnsnotkun og tekjum helstu hitaveitna ásamt áætluðum tekjum af sölu raforku og olíu til hitunar. Hér er byggt á upplýsingum frá einstökum hitaveitum um vatnssölu 1991 ásamt gjaldskrá veitnanna eins og hún var 1. maí það ár. Út frá þessu eru reiknaðar tekjur hverrar veitu fyrir sig og niðurstöðurnar sýndar í dálkinum "Reiknadar tekjur". Til samanburðar sýnir næsti dálkur í töflunni þær tekjur sem veiturnar gefa upp í þeim gögnum sem send eru Orkustofnun. Mismunurinn er mjög lítill þar sem reiknaðar tekjur eru 3,92 milljarðar kr. en uppgefnar tekjur 3,96 milljarðar kr. Öll notkun á heitu vatni til annarra nota en húshitunar hefur verið dregin frá hjá þeim hitaveitum sem gefa upp sundurliðaða notkun. Búast má þó við að ennþá sé meðtalinn einhver notkun sem fer til annars en húshitunar.

Í töflu 2 eru sýndar útreiknaðar tölur um orku- og vatnsnotkun, bæði á hvern íbúa og hvern rúmmeter húsnæðis. Þær eru mjög breytilegasr milli veitna og eflaust misjafnlega áreiðanlegar, sérstaklega má búast við að ósamræmi sé í uppgefinni orkunotkun veitnanna.

Tekjur kyntu hitaveitnanna eru reiknaðar á tilsvvarandi hátt og fyrir jarðvarmaveiturnar, orkunotkun og vatnsnotkun er gefin og tekjurnar reiknaðar samkvæmt gjaldskrá. Orkunotkun við beina rafhitun og olíuhitun er fundin eins og áður út frá heildaríbúafjölda og hlutdeild raforku (8%) og olíu (3%) samkvæmt Húshitunarspá.

Samkvæmt þessari samantekt var heildarkostnaður landsmannna við húshitun árið 1991 um 5,5 milljarðar kr. Þetta tilsvrarar því að meðalorkuverð til húshitunar hafi verið 1,22 kr/kWh. Meðalorkuverð hjá þeim hitaveitum sem nýta jarðhita er hins vegar nokkru lægra, eða 1,03 kr/kWh. Pessar niðurstöður ættu að vera áreiðanlegri en hitunarkostnaðurinn sem reiknaður var undir lið 2, "Grófir útreikningar", sem var 6,1 milljarður kr. Mismunur á heildarniðurstöðum þessara reikniaðferða er um 10%, en hjá einstökum hitaveitum er munurinn mun meiri. Ástæður þess geta verið margar, t.d. verður að hafa í huga að útreikningará Iðnaðarráðuneytisins miðast við 490 m<sup>3</sup> einbýlishús. Þetta hefur áhrif á bæði orkunotkun og hlutfall fastagjalds í heildarkostnaði, sem er mun minna að meðaltali fyrir veituna en dæmigert einbýlishús. Þá er mikil óvissa í tölum um orkunotkun, en í útreikningum Iðnaðarráðuneytisins er gert ráð fyrir sömu orkunotkun á m<sup>3</sup> húsnæðis hjá öllum veitum og ákveðinni orkunýtingu. Hún er hins vegar mjög mismunandi milli veitna og hefur mikil áhrif á hve mikið vatns er notað á hvern m<sup>3</sup> húsnæðis.

#### 4. Orkuverð við beina rafhitun

Samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 27 frá 1. janúar 1991, gjaldskrárlið C1/D1 Rofin daghitun, er orkugjald 3,00 kr/kWh. Þetta verð er án VSK, sem ekki var lagður á húshitun á þessum tíma. Niðurgreiðsla er 0,63 kr/kWh og sérstakur afsláttur að auki 0,16 kr/kWh, eða samtals 0,79 kr/kWh. Orkugjaldið sem neytendur greiða er því 2,21 kr/kWh. Fastagjaldið er 11600 kr. á ári, og ef gert er ráð fyrir 40000 kWh ársnotkun tilsvavarar fastagjaldið 0,29 kr/kWh. Orkuverð til neytenda (orkugjald + fastagjald) er því:

$$\text{Orkuverð} = 3,00 \text{ kr/kWh} - 0,79 \text{ kr/kWh} + \frac{11600 \text{ kr/ári}}{40000 \text{ kWh/ári}} = 2,50 \text{ kr/kWh}$$

Ef ekki væri um niðurgreiðslu að ræða væri orkuverðið 3,29 kr/kWh.

Miðað við 4500 GWh árlega orkunotkun til húshitunar á öllu landinu væri árlegur heildarkostnaður við húshitun með niðurgreiddu rafmagni um 11,2 milljarðar króna, og án niðurgreiðslna um 14,8 milljarðar.

#### 5. Orkuverð við olíuhitun

Samkvæmt upplýsingum frá olíufélaginu Skeljungi hf. var meðalverð á gasolíu til húshitunar árið 1991 16,90 kr/l. Þetta verð miðast við olíu afhenta frá bíl og er án VSK, sem ekki var lagður á húshitun á þessum tíma. Eðlisþyngd gasolíu er 0.848 kg/l og orkuinnihald 11,7 kWh/kg eða 9,92 kWh/l. Ef gert er ráð fyrir að nýtni olíuketils sé 65% fæst orkuverðið:

$$\text{Orkuverð} = \frac{16,90 \text{ kr/l}}{9,92 \text{ kWh/l} \times 0,65} = 2,62 \text{ kr/kWh}$$

Miðað við 4500 GWh árlega orkunotkun til húshitunar á öllu landinu væri árlegur heildarkostnaður við húshitun með olíu um 11,8 milljarðar króna.

## HÚSHITUNARKOSTNAÐUR Á ÍSLANDI 1991 - ÁÆTLAÐ ORKUVERT

HTAVETTA	Ibúar á svæði	Hitað Hærðmi 1000 m <sup>3</sup>	Seld orka GWh	Orkuverð kr/MWh	Reiknaðar tekkur MWh/ari
Akranes og Borgarfj.	7730	1373	97.3	2.27	220.87
Akureyri	15000	3300	233.9	2.40	561.26
Bessastaðahreppur	1183	224	15.9	2.07	32.86
Blönduós	1122	371	26.3	1.92	50.48
Dalvík	1495	353	25.0	1.00	25.02
Egilsstaðir	1760	413	29.3	1.99	58.24
Byrrar	1066	243	17.2	2.78	47.87
Flúðir	628	96	6.8	0.56	3.81
Háey	276	81	5.7	1.10	6.31
Húsavík	2600	668	47.3	0.51	24.14
Hvammstangi	689	175	12.4	1.14	14.14
Hveragerði	1600	620	43.9	0.68	29.88
Laugardalsheiði	100	25	1.8	0.56	0.99
Moefellsbær	4383	983	69.7	0.99	68.96
Ólafsfjörður	1171	305	21.6	1.19	25.72
Rangáeinga	1400	260	18.4	2.46	45.33
Reykholðar	150	39	2.8	0.40	1.11
Reykjahlíð	424	86	6.1	1.60	9.75
Reykjavík	139584	35318	2502.9	1.00	2502.85
Sauðárkrúkur	2575	756	53.6	0.81	43.40
Selfoss	3959	1117	79.2	0.79	62.53
Seljavanes	4221	894	63.4	0.71	44.98
Siglufjörður	1771	272	19.3	2.33	44.91
Sudureyri	350	113	8.0	2.56	20.50
Sudurnes	15355	5113	362.3	1.38	500.03
Þorlákshöfn	1288	362	25.7	1.18	30.27
Jardbúi samtals	211880	53560	3795.6	4476.21	
Vestmannaeyjar	4923	959	68.0	2.30	156.31
Öræfubú Vestfjarða	6000	859	60.9	2.27	138.18
Seyðisfjörður	919	200	14.2	2.25	31.89
Höfn	1724	275	19.5	2.18	42.48
Kynnter hitay. samtals	13566	2293	162.5	368.87	
Önnur hitaveitarsvæði					
3284	662	46.9	1.00	46.91	
Bein rafhitun (8%)	20560	5080	360.0	2.50	900.00
Olliuhinun (3%)	7710	1905	135.0	2.62	353.70
Samtals	257000	63500	4500.0	6145.69	

Tafla 2

## HÚSHITUNARKOSTNADUR Á ÍSLANDI 1991

HTAVÆITA	þúfur á svæði	þúfur með hítav.	Hitað hásfými 1000 m3	Hitað hásfými m3/þóða	Seld orka GWh	Selt vatn 1000 m3	Selt vatn 1/yrmt.	Fjöldi meða	Orkunota. MWh/ftb	Orkunota. 1000 m3/ftb	Vatnnot. kWh/m3	Vatnnot. m3/m3
Akranes og Borgarfj.	7730	7280	1373	188.6	252	5720	1948					0.18
Akureyri	15000	14500	3300	227.6	207	3520	3800	14.3	0.243	62.7		1.07
Bessastaðahreppur	1183	1183	224	189.3	14	325	300	11.8	0.275	62.5		1.45
Blönduós	1122	1115	371	332.7	29	706	430	26.0	0.633	78.2		1.90
Dalvík	1495	1489	353	237.1	25	726	495	16.8	0.488	70.8		2.06
Egilsstaðir	1760	1760	413	234.7	28	640	665	15.9	0.364	67.8		1.55
Eyrar	1066	1000	243	243.0	11	349	300	11.0	0.349	45.3		1.44
Floðir	628	360	96	266.7			2524	177				
Húsavík	276	274	81	295.6	8	340	119					
Húsavík	2600	2600	668	256.9	90	511	2233	852	34.6	0.197	134.7	0.76
Hvarfjörður	689	679	175	257.7	58	874	256					
Hveragerði	1600	1600	620	387.5	80		3088	630	50.0		129.0	
Laugavegur	100	100	25	250.0			170	45				
Mosfellsbær	4383	4250	983	231.3		1323	179	1266		0.311		1.35
Ölafsfjörður	1171	1145	305	266.4	33	50	2683	430	28.8		108.2	
Rangársinga	1400	1350	260	192.6	23	499		480	17.0	0.370	88.5	1.92
Reykjahlíðar	150	142	39	274.6		199	40					
Reykjahlíð	424	424	86	202.8	10	202	151	23.6	0.476	116.3		2.35
Reykjavík	139584	139040	35318	254.0	2557	50092	34229	18.4	0.360	72.4		1.42
Sauðárkrútur	2575	2568	756	294.4	86	547	3602	941	33.5	0.213	113.8	0.72
Selfoss	3959	3954	1117	282.5	62	1331	1163	1181	15.7	0.337	55.5	1.19
Seljavarnes	4221	4220	894	211.8	83	1595		1128	19.7	0.378	92.8	1.78
Siglufjörður	1771	1745	272	155.9		16	1374	563				
Sudureyri	350	330	113	342.4	3	123		121	9.1	0.379	26.5	1.11
Suðurnes	15355	15000	5113	340.9		371	14598	5040				
Þorlákshöfn	1288	1250	362	289.6	42	65	913	368	33.6		116.0	
Jarðhiti samtals	211880	209358	53560	255.8	3333	63311	39660	55955				
Vestmannaeyjar	4923	4150	959	231.1	51	1130		1455	12.3	0.272	53.2	1.18
Órkubí Vestfirðar	6000	3290	859	261.1	51	1198	933	15.5	0.364	59.4		1.39
Seyðisfjörður	919	800	200	250.0	9	254		245	11.3	0.318	45.0	1.27
Höfn	1724	950	275	289.5	13	310		316	13.7	0.326	47.3	1.13
Kynnar hitav. samtals	13566	9190	2293	249.5	124	2892		2949	13.5	0.315	54.1	1.26
Önnur hitaveitarsíði	3284	3284									86.9	
Bein rafhitum (8%)	20560		5080	247.1	360						70.9	
Ölfuhinn (3%)	7710		1905	247.1	135						70.9	
Samtals	257000	221832	63500	247.1	4060	66203	39660	55904				

Tafla 2, fih.

Væsnanotað	Gjaldakrá Fastaði: kr/m3	Gjaldakrá Vænski: kr/m3	Gjaldakrá Min. gi: kr/m3	Gjaldakrá Orktug: kr/kWh	Tekjur vi/ fastugj: Mkri/ári	Tekjur vi/ vænski: Mkri/ári	Tekjur vi/ min. gi: Mkri/ári	Tekjur vi/ orktug: Mkri/ári	Reiknaðar tekjur Mkri/ári	Uppgefnar tekjur Mkri/ári	Reiknaðar tekjur kr/m3 húsn.	
0.417	119.75	33200			30.18	189.90			220.08	225.78	160.3 Akranes og Borgarfj.	
	7730	109.23			29.37	384.49			413.86	414.66	125.4 Akuryri	
	5232	55.70			1.57	18.10			19.67	17.46	87.8 Þessastaðahreppur	
	8648	43.70			3.72	30.85			34.57	32.51	93.2 Blönduós	
	3361	25.62			1.66	18.60			20.26	19.34	57.4 Dalvík	
	4380	70.00			2.91	44.80			47.71	47.73	115.5 Egilstaðir	
	9492	76.75			2.85	26.79			29.63	28.79	121.9 Byrar	
2.629	8816	28.00	4896		1.57	12.36			13.93	7.35	145.1 Flúðir	
0.420	5592	73.00	13956		0.67	0.58	4.75	5.99	7.13	74.0 Hrisey		
0.334	8200	33.64	6408		6.99	17.19	14.31	38.49	33.19	57.6 Húsavík		
0.499	6728	52.22	13456		1.72	3.03	11.76	16.51	17.52	94.4 Hvammstangi		
0.498	5342		8820		3.37		27.24	30.60	28.59	49.4 Hveragerði		
0.680			8100				1.38	1.38	1.40	55.1 Laugará		
0.018	4740	42.70	11000		6.00	56.49	1.97	64.46	62.24	65.6 Mosfellsbær		
0.880	4244		6888		1.82		18.48		20.31	19.96	66.6 Ölfusfjörður	
	10320	107.80	29640		4.95	53.79			58.75	54.47	225.9 Rangeinga	
0.510	3900	6540			0.16		1.30	1.46	1.74	37.4 Reykhólar		
	8708	69.82			1.31	14.10			15.42	10.98	179.3 Reykjahlíð	
	5124	42.70	17539		2136.93				2314.32	2383.35	63.5 Reykjavík	
0.476	33.15	8724				18.13	31.42		49.56	49.35	65.6 Sauðárkrúkur	
0.104	4867	36.90	10161		5.75	49.11	11.82		66.68	71.14	59.7 Selfoss	
	2280	32.00			2.57	51.04				53.61	53.53	
0.505		115.28	28132			1.84	38.65		40.50	38.98	148.9 Siglufjörður	
	11304	111.00			1.37	13.88			15.24	13.39	134.9 Suðureyri	
0.286	3300	53.00	18480		16.63	19.66	269.77		303.07	303.12	59.9 Suðurnes	
0.252		82.20	19620			5.34	17.91		23.26	19.53	64.2 Þorlákshöfn	
					272.35	2996.94	653.02		3972.31	3963.23	73.2 Jarðhiti samtala	
	7068	91.30				10.28	103.17			113.45		118.3 Vestmannaeyjar
	21.78					1.63	0.00	26.09		83.13	109.22	127.2 Orkuð Vestfirðars
	21.45					1.85	0.00	5.45		16.65	22.10	110.5 Seyðisfjörður
	10080					1.54	3.19	8.68		20.02	31.89	115.9 Höfn
					13.47	143.39			119.80	276.66		120.7 Kynnar hitav. samtal
										57.50	57.50	86.9 Ómar hitaveitavægi
										900.00	900.00	177.2 Þein rafithun (8%)
										353.70	353.70	185.7 Óflutinun (3%)
												86.8 Samtals
										285.32	3140.33	653.02
										1431.00	5510.17	